

Original Elementfärg

Ofnalakk



Efnislýsing

Original Elementfärg er vatnsþynnanlegt, hálfgljáandi akrýllakk ætlað til málunar á heitum lögnum, vatnsleiðslum og ofnum. Það er mjög fljótþornandi og gulnar ekki. Original Elementfärg lakkið þekur mjög vel og myndar sterka yfirborðshúð. Hana má þvo og hún þolir mikið álag og hnjask.

Meðhöndlun

Original Elementfärg er best að bera ríkulega á til að tryggja að lakkið fljóti vel út og fylli vel í ójöfnur. Lakkið ekki á heitan flöt því það hindrar að það fljóti eðlilega út og fái fallega áferð.

Áður máluð rör eða ofna skal þvo með Original Málartvätt og skola vel með vatni. Skrapið lausa málningu af og slípið glansandi fleti matta.

Ómálaða málmfleti skal grunna með Professional Metal Primer áður en málað er með Original Elementfärg. Ómeðhöndluð koparrör skal þvo áður en málað er með Original Elementfärg.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningar-dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Sérhannað akrýllakk fyrir heita fleti

Gljástig: Hálfglansandi 30%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 2 klst.

Yfirmálun: 12 klst.

Lágmarkshiti við málun: +5°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, sprautur

Þekja: 8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 0,5 og 1 lítra dósir

Litur: Nordsjövit

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfrú rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/d) 130 g/l.):

Inniheldur mest 99 g/l.

Umhverfi

Original Elementfärg uppfyllir staðla Blómsins og Svansins sem eru umhverfismerki Evrópusambandsins og Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org